

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í Stykkishólmsbæ

1. gr.

Hunda- og kattaeygendur í Stykkishólmsbæ skulu greiða leyfisgjald skv. 13. gr. samþykktar um hundahald í Stykkishólmsbæ nr. 966/2015 og 12. gr. samþykktar um kattahald og gæludýrahald annað en hundahald í Stykkishólmsbæ á starfssvæði heilbrigðisnefndar Vesturlands nr. 4/2020.

2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund skal vera kr. 16.968 fyrir allt árið eða hluta úr ári. Innifalið í leyfisgjaldi er hundahreinsunargjald, trygging, númeraplata á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött skal vera kr. 8.485 fyrir allt árið eða hluta úr ári. Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun, trygging, númeraplata á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins. Gjaldalagi er 1. október og eindagi 30. október. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Leyfisgjald er ekki endurgreitt þrátt fyrir breytingar á katta- eða hundahaldi innan ársins.

3. gr.

Eigandi hunds sem er skráður hjá Stykkishólmsbæ fær 40% afslátt af hundagjaldi eftir að hafa lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi sem viðurkennt er af Heilbrigðiseftirliti Vesturlands.

4. gr.

Handsömunargjald fyrir óskráða hunda skal vera kr. 21.748. Fyrir skráða hunda skal gjaldið vera kr. 9.695 fyrir 1. skipti, kr. 14.543 fyrir 2. skipti og kr. 19.392 fyrir 3. skipti. Fyrir hunda sem ekki er skylda að skrá eða eigandinn er utanaðkomandi skal gjaldið vera eins og fyrir skráða hunda kr. 9.695.

Handsömunargjald fyrir óskráða ketti skal vera kr. 21.748.

Óheimilt er að afhenda hunda og ketti án leyfis nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferða.

Ef til aflifunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflifunarkostnað.

5. gr.

Undanþegnir leyfisgjaldi eru leitarhundar björgunarsveita og hjálparhundar fatlaðra og skal ljósrit af viðurkenningu um þjálfun þeirra afhendast við umsókn um niðurfellingu leyfisgjalda. Heimilt er að ógilda niðurfellingu leyfisgjalda sé viðkomandi hundur ekki lengur á skrá sem leitarhundur samkvæmt skilgreiningu þessari.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar, er sett samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, samþykkt um hundahald í Stykkishólmsbæ nr. nr. 966/2015 og samþykktar um kattahald og gæludýrahald annað en hundahald í Stykkishólmsbæ á starfssvæði heilbrigðisnefndar Vesturlands nr. 4/2020. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðindaog frá sama tíma fellur úr gildi núgildandi gjaldskrá fyrir hundahald í Stykkishólmsbæ.

Staðfest af bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar 10. desember 2020

Stykkishólmur 15. desember 2020


Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri

